

Sp.

352. Framhaldsnefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1981.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaðir fjárveitinganefndarmenn telja nauðsynlegt fyrir þriðju umræðu fjárlaga að gera grein fyrir nokkrum breytingum sem gerðar hafa verið á frumvarpinu á milli umræðna. Í því skyni eru birtar eftirfarandi tvær töflur. Sú fyrri sýnir skattahækkunir, sem hafa orðið í meðförum ríkisstjórnarinnar á milli umræðna. Síðari taflan er byggð á þeim brotakenndu upplýsingum um lánsfjáráætlun, sem liggja fyrir.

Sérstaka athygli vekur, að skattar hækka á milli 2. og 3. umræðu um 8.6 milljarða á verðlagi fjárlagafrumvarpsins, en það þýðir fast að 20 milljarða hækkun á milli ára. Þessi staðreynd sýnir betur en flest annað vinstri útpenslustefnu núverandi ríkisstjórnar. Í þessum hækkunum er m. a. að finna bensínskattshækkun, sem hefur þau áhrif að bensínskattar hafa hækkað um 15 milljarða umfram verðlag frá árinu 1978.

Með því að breyta ekki skattvísitölunni í 7. gr. frv. aukast tekju- og eignarskattar og sjúkratryggingagjöld um 6.5 milljarða til viðbótar því sem áður er talið. Slíkt leiðir til 26 milljarða skattahækkunar á milli ára.

Lánsfjáröflun til opinberra framkvæmda hækkar um 74.3% frá áætlun 1980 til áætlunar 1981. Erlendar lántökur til opinberra framkvæmda hækka um 95%. Öllum er ljóst, að þetta fjármagn þarf að greiða á næstu árum. Því má segja, að ríkisstjórnin hafi með þessum stórauðnum lántökum lagt grunninn að enn meiri ríkisumsvifastefnu á næstu árum.

Mál er að linni.

Alþingi, 19. des. 1980.

Lárus Jónsson,
frsm.

Friðrik Sophusson.

Guðmundur Karlsson.

Tafla 1.

Nýr aukaskatttreikningur 1981.

Hækkun skatta frá árinu 1980 að raungildi (verðlag fjárlagafrv. 1981).

	2. umr.	3. umr.
1. Orkujöfnunargjald	8 000	8 000
2. Innflutningsgjald á sælgæti	1 200	1 200
3. Nýtt vörugjald á sælgæti og gosdrykki	—	3 600
4. Hækkun tekju- og eignarskatta umfram verðlag	2 000 (áætlað)	6 400
5. Skattahækkun á bensini umfram verðlagshækkun	—	4 700
6. Lækkun nýbyggingargjalds	÷ 300	÷ 300
7. Lækkun tolla	—	÷ 1 000
8. Lækkun aðlögunargjalds	—	÷ 3 100
Samtals	10 900	19 500

NB.: Skattvísitala 145 bætir 6.5 milljörðum við tekju- og eignarskatta + sjúkra-tryggingagjald.

Tafla 2.

Lánsfjáráætlun til opinberra framkvæmda 1978—1981.

(Skv. rauntölum 1978 og 1979, en lánsfjáráætlun 1980 og 1981, millj. kr.)

	1978	1979	1980	1981	Hlutfalls- hækkun 1980—81
I. Innlend fjáröflun.					
(Án lána til fjárfestingarsjóða).					
1. Útgáfa spariskirteina	3 100	6 500	7 000	9 000	
2. Innheimta endurlánaðra spari- skirteina (nettó)	2 746	555	6 738	9 000	
3. Verðbréfakaup banka	—	—	3 900	4 800	
4. Verðbréfakaup lífeyrissjóða ..	—	—	6 000	6 000	
5. Annað lánsfé	1 826	1 004	—	2 010	
Samtals	7 672	8 059	23 638	30 810	
II. Erlend lán til ýmissa framkvæmda (án lána til fjárfestingarsjóða) ..	18 527	30 105	49 795	97 148	95%
Samtals I og II	26 199	38 164	73 430	127 958	74.3%
Þar af til A- og B- hluta	13 438	22 500	35 385	59 089	67.0%